

## **Skólanefndarfundur 15. október 2019 kl 16:30**

### **Fundarherbergi FVA.**

**Mættir:** Viktor Elvar Viktorsson formaður, Ellert Jón Björnsson, Ingbór Bergmann Þórhallsson, Ágústa Elín Ingbórsdóttir skólameistari FVA, Þórdís Þórisdóttir, Dröfn Guðmundsdóttir fulltrúi kennara, Þorbjörg Ragnarsdóttir aðstoðarskólameistari sem ritar fundargerð.

Helga Kristín Björgólfsdóttir afboðaði og fulltrúi nemendafélags NFFA Björgvin Þór Þórarinsson er í Berlín á vegum FVA (Berlínaráfanginn), Úrsúlu Ásgrímsdóttir tilkynnti forföll.

### **Fundarefni:**

Upphaf haustannar 2019  
Innra mat  
Stefnumiðuð áætlun til þriggja ára  
Önnur mál

Ágústa bauð fundarmenn velkomna.

### **Upphaf haustannar 2019**

Ágústa fjallar um upphaf haustannar og fjallar um fjölda nemenda í skólanum. 480 nemendur eru í FVA haustönn 2019, 403 eru í dagskóla og 77 eru í dreifnámi.

Nýnemar á afrekssviði eru 13, en samtals 34 á sviðinu, heimavistin er fullsetin með 56 nemendur.

Breytingar á starfsmannahóp, átta starfsmenn hafa látið af störfum (þar af 3 sem voru í leyfi og 1 sem hyggst snúa aftur eftir fæðingarorlof) og níu kennara hafa hafið störf (þar af 5 í afleysingum) og einnig er nýr húsvörður.

Tveir kennara komu aftur til stafa eftir námsleyfi, Ólöf Húnfjörð Samúelsdóttir og Lúdmíla Pála Ermolinskaja

Dröfn Viðarsdóttir og Sigurgeir Sveinsson eru í námsleyfi. Edda Einarsdóttir og Guðjón Friðbjörn Jónsson eru í ársleyfi.

Ágústa dreifir blaði um tölulegar upplýsingar um nemendur FVA, eftir kyni, brautum og búsetu, samantektir frá 9. sept. 2019.

Mögulega verður tekinn inn hópur í húsasmíði um áramót og nýr hópur í dreifnámi sjúkraliða er áætlaður haust 2020. Umræða um dreifnám hjá rafvirkjum, en það er í skoðun.

### **Innra mat**

Ágústa fer yfir nokkur atriði í innra mats skýrslu sem verður síðan aðgengileg á vefsíðu skólans.

Arndís Halla heldur utan um starfendarannsóknir sem hópur af kennurum tekur þátt í.

Fjallað almennt um spurningar í innra mati, en þær eru alltaf í endurskoðun. Næsta kennslukönnun verður sett af stað 1. nóv 2019.

Heilsu- og forvarnarstefna var uppfærð á þessu ári, en hana er hægt að nálgast á heimasíðu FVA. Heilsuefningarteymi var með heilsuefningarviku, þar sem ýmsar uppákomur voru fyrir nemendur og kennara. Umhverfisfulltrúi er starfandi, Helena Valtýsdóttir sem heldur utan um umhverfisnefnd og skólinn er með Grænfána. Erlend samskipti, þar er nú sérstakur umsjónarmaður, Helena Valtýsdóttir. Skólinn er þátttakandi í þremur erlendum verkefnum.

### **Stefnumiðuð áætlun til þriggja ára**

Ágústa fjallar um áætlun 2020 til 2022 sem verið er að vinna að og þarf að skila til mennt og menningarmálaráðuneytisins í nóvember. Þrjú markmið:

- Að nemendur ljúki námi á 3 árum.
- Fjölbreytni í námi, bóknám – starfsnám.
- Heildstæð stefna um skólastarfið.

## Önnur mál

1. Ágústa segir að mikill tími hafi farið í persónuverndarstefnu og jafnlaunavottun. Spurt var hvort sú vinna væri ekki unnin með öðrum framhaldsskólum. Ágústa svarar að sú vinna er unnin í samvinnu við aðra skóla.
2. Viktor, formaður skólanefndar, óskaði eftir því að þetta væri fært til bókar, hann lagði fram blað sem hafði að geyma afrit af óundirritaðri vantraustsyfirlýsingu á skólameistara frá kennarafélagi FVA sem hann var beðinn um að fara með inn á fundinn. Yfirlýsingin var svohljóðandi: „Vantraust. Undirritaðir kennarar við Fjölbrotaskóla Vesturlands á Akranesi, FVA, lýsa yfir vantrausti á núverandi skólameistara FVA, Ágústu Elínu Ingbórsdóttir, og beina þeim tilmælum til ráðherra að hún verði ekki endurráðin sem skólameistari skólans. *FVA, Akranesi sept. 2019*“. Viktor tjáði sig ekki um málið en afhenti Ágústu blaðið sem formlega tók við því.
3. Ágústa kom með tillögu að næsta fundartíma þriðjudaginn 26. nóvember 2019.
4. Þórdís spurði um nýjan stofnanasamning, hver staðan væri á þeim málum. Ágústa segir að því máli hafi verið vísað til sáttanefndar. Fulltrúi kennara hafði ekki heyrt þetta, og benti á að sáttanefnd væri ekki til. Spurt hver vísar í þennan farveg, Ágústa svarar því að þetta hafi verið rætt á síðasta samstarfsnefndarfundi.

## Fundi slitið 18:08

**Þorbjörg Ragnarsdóttir**